

Fréttaskýring | 1,5 milljarðar í framkvæmdir vegna geðfatlaðra

Stórt skref í rétta átt

Gengið í að afmá svartan blett á íslenskri geðheilbrigðisþjónustu

Eftir Jón Pétur Jónsson
jonpetur@mbl.is

Akveðið hefur verið, í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, að verja einum milljarði kr. til þess að hefja nú þegar uppbyggingu búsetuúrræða og þjónustu við geðfatlaða. Gert er ráð fyrir kaupum eða byggingu á húsnæði og uppbyggingu dagvistunar eða endurhæfingarræða fyrir geðfatlaða um land allt á fimm ára tímabili, frá árinu 2006 til ársins 2010. Markmiðið með þessu er að eyða biðlistum og koma í veg fyrir að geðfatlaðir búi við ófullnægjandi aðstæður, eins og hefur verið gagnrýnt harðlega.

Bent er á að heildarfjárförf vegna uppbyggingar á fimm árum sé 1.500 milljónir kr. í stofnkostnað. Þar af sé gert ráð fyrir því að Framkvæmdasjóður fatlaðra verji 500 milljónum kr. til verkefnisins til viðbótar þeim milljarði sem ráðstafað verður af söluandvirði Símans.

Virk endurhæfing mikilvæg

Eydís Sveinbjarnardóttir, sviðsstjóri hjúkrunar á geðsviði Landspítala – háskólasjúkrahúss, segir tvöfalda gleði hafa ríkt hjá stjórnendum á geðsviði vegna þeirra fréttu að ríkið ætlaði að verja milljarði í framkvæmdir vegna geðfatlaðra og að 18 milljarðar færu í nýtt hátækisjúkrahús. Hún bendir á að Ísland sé langt á eftir öðrum löndum varðandi samfélagsuppbyggingu fyrir geðsjúka sem mótvægi við það þegar stofnunum sé lokað. Útspil ríkisstjórnarinnar sé stórt skref í rétta átt. Hún segir að nú séu 108 einstaklingar á vegum geðsviðs sem hafa lokið meðferð en búi ekki við viðunandi búsetuúrræði. Ekki séu allir inni á geðdeildum LSH heldur einnig í tengslum við göngu- og dagdeild sem séu ekki í viðunandi búsetuúrræði. „Ef það lagast á næstu árum þá getum við snúið okkur að okkar verkefni sem er að það verði hér virk endurhæfing fyrir geðsjúka sem er í okkar stefnumótun.“ Eydís bendir á að ekki hafi tekist að vera með slíka endurhæfingu og að geðsvið hafi verið gagnrýnt fyrir það. Ástæðan sé hins vegar sú að of margir einstaklingar hafa verið búandi á deildunum og að það hafi komið í veg fyrir virka endurhæfingu þar, sem sé afar nauðsynlegt í baráttunni við geðsjúkdóma.

Hún segir ákvörðun ríkisstjórnarinnar vera tímabæra og rétt tímasetta. Hún kveðst hafa verið orðin áhyggjufull í vor, þegar Arnarholti var lokað og tímabundin sambýli við Flókagötu og Esjurgund voru bún til, varðandi það hvað væri að fara að gerast í þessum málaflokki.

Eydís segir þetta vera mikilvægt skref í því að þróa geðheilbrigðisþjónustuna, sem hún bendir á að sé ekki einvörðungu sjúkráshjúfjónusta. Þjónustan sé margþættari en það og margt þurfi að virka saman. Staðan sé sú að mörg af hlutverkum þjónustunnar eins og félagsþjónusta, heilsugæsla o.þ. hafi verið vanþróuð úti í samfélaginu. „Fólk vanmetur það hvað það er mikil þján-



Búsetuúrræði geðfatlaðra verða bætt.

Geðhjálp vakandi yfir hagsmunum geðfatlaðra

► Félagið Geðhjálp var formlega stofnað haustið 1979. Frá upphafi hefur félagið barist fyrir hagsmunum geðsjúkra og geðfatlaðra og stuðlað að fræðslu um geðraskanir. Fyrsta formlega húsnæði var við Bárugötu og þar var stofnuð félagsmiðstöð 1982. Geðhjálp hefur verið vakandi yfir hagsmunum sjúklinga og aðstandenda og m.a. mótmælt skertri þjónustu og reynt að hafa jákvæð áhrif á lagasetningu.

ing í kringum hvern og einn sem er alvarlega veikur.“ segir Eydís.

Mannréttindabrot stöðvuð

Sigursteinn Mátsson, formaður Geðhjálpar, kveðst fagna mjög ákvörðun ríkisstjórnarinnar. „Þarna er verið að ganga í að leysa það sem hefur verið einn svartasti blettur á íslenskri geðheilbrigðisþjónustu alla tíð, þ.e. skortur á búsetuúrræðum fyrir veikasta fólki. Sem hefur fyrir vikið haft búsetu inni á geðsjúkrastofnunum, eins og Kleppspítala, en hefur ekki átt heima þar.“ segir Sigursteinn og bætir við að með fjárframlaginu sé verið að stöðva áratugalöng mannréttindabrot sem framin hafa verið á þessu fólki. Hann segir jafnframt að þetta hafi ekki síður áhrif til batnaðar fyrir aðstandendur geðsjúkra sem hann segir að hafi verið í gíslingu hópum saman í samfélaginu. „Tilvera hvoru tveggja, sjúklinganna og aðstandendanna, hefur hrunið og verið í rúst árum og áratugum saman. Það eru dæmi þess að fólk, sem er á miðjum aldri í dag, hafi ekki getað nánastríðið glaðan dag áratugum saman vegna þess að það hefur þurft að sinna heima hjá sér mjög veikum einstaklingum. Þetta er auðvitað eitthvað sem varð að gerast og Geðhjálp fagnar því mjög að þetta skref hafi verið stigið.“ segir Sigursteinn. Hann bætir því við að þetta sé alls ekki einhver allsherjarlausn á málum geðfatlaðra. Margt sé enn óleyst t.a.m. sé neyðarástand vegna fjölda geðsjúkra barna. Jafnframt uppfylli geðheilbrigðisþjónusta héraendis ekki nútímakröfur. Í þessu samhengi hefur stjórn Barna- og unglíngageðlæknafélags Íslands sent frá sér tilkynningu þar sem þeir gagnrýna mjög ástandið héraendis. Þeir segja stöðu barna- og unglíngageðlækninga á Íslandi vera algerlega óviðunandi og ekki í neinu samhengi við þróun í öðrum Evrópulöndum, né í nokkru samræmi við stærð vandans sem við sé að stríða.